

Peningaþvætti

Vápættir í starfsemi lögmanna og
annarra sérfræðinga



Almennt

Lögmannstofur, lögmenn og aðrir sérfræðingar falla undir gildissvið laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. m-lið 1. mgr. 2. gr. laganna og teljast því vera tilkynningarskyldir aðilar í skilningi laganna í eftirfarandi tilvikum:

1. þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum,
2. þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja,
3. þegar þeir sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns,
4. þegar þeir opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum,
5. þegar þeir koma að öflun, skipulagningu eða umsjón með framlögum til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum,
6. þegar þeir aðstoða við stofnun, rekstur eða stjórnun fyrirtækja, fjárvörslusjóða eða annarra sambærilegra aðila.

Ýmsar aðferðir og hættumerki (e. red flags) eru þekkt við að þvætta fé, m.a. út frá dómaframkvæmd, rannsóknnum, fræðiritum og innlendu sem og erlendu leiðbeiningaefni. Jafnframt hefur það sýnt sig að ýmsir veikleikar eru í starfsemi lögmanna hvað viðkemur hættu á að starfsemi lögmanna og annarra sérfræðinga sé notuð við að þvætta fé. Hér á eftir eru nefnd dæmi um hættumerki sem tengjast peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi lögmanna og annarra sérfræðinga. Hafa skal í huga að þessi dæmi eru til viðmiðunar og ekki tæmandi talin. Þrátt fyrir að eitthvað af eftirfarandi hættumerkjum eigi við getur það átt sér eðlilegar skýringar, en gefur þó tilefni til frekari skoðunar. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa því ávallt að meta áhættu með heildrænum hætti þar sem eitt hættumerki þarf ekki að færa viðskiptavin upp eða niður um áhættuflokk.

Misnotkun á þjónustu lögmanna

Rannsóknir og dæmi hafa sýnt að brotamenn leita eftir þjónustu lögmanna til að þvætta ávinning ólög-mætrar starfsemi, bæði vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem lögmenn bjóða upp á og eins til þess að ljá viðskiptum sínum lögmaeta ásýnd.

Þekktar aðferðir við misnotkun á þjónustu lögmanna eru:

- misnotkun á vörslureikningum,
- kaup á fasteignum,
- stofnun fyrirtækja, fjárvörslusjóða eða sambærilegra aðila,
- stjórnun fyrirtækja, fjárvörslusjóða eða sambærilegra aðila.

Aðkoma lögmanna að peningabætti

Lögmenn og aðrir sérfræðingar kunna ómeðvitað að vera þátttakendur í peningabætti viðskiptamanna sinna þar sem engin skýr hættumerki eru til staðar um peningabætti eða að viðskiptamaður veitir, að því er virðist, eðlilegar skýringar á viðskiptum sínum og uppruna fjár. Í öðrum tilvikum kunna skýr hættumerki að vera til staðar en vegna skorts á þekkingu eða stýringum verður lögmaðurinn ekki var við slík hættumerki. Að lokum kunna þær aðstæður að vera til staðar að lögmaður greini hættumerki en leiði þau hjá sér eða að lögmaður sé viljugur þátttakandi í peningabætti viðskiptamanns.

Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Lögmansstofum, lögmönnum og öðrum sérfræðingum er skylt að tilkynna öll grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, að eigin frumkvæði, og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar. Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði greinarinnar um grun. Væri í þessu sambandi nægjanlegt að grunur kviknaði um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttsemi hvort sem sá grunur reynist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum eður ei.

Misnotkun á vörslureikningum lögmanna

Vörslureikningar lögmanna geta verið misnotaðir með ýmsum hætti, m.a.;

- sem fyrsta skref í því að ljá ólögðum ávinningi lögmæta ásýnd,
- til að veita aðgang að fjármálakerfinu án þess að vekja upp grunsemdir hjá fjármálafyrirtækjum,
- til að aðstoða við að dylja eignarhald á ólögðum ávinningi,
- sem þáttur í flóknari aðferðarfræði við að þvætta fjármuni, svo sem við kaup á fasteignum, stofnun fyrirtækja eða fjárvörslusjóða o.fl.

Aðferðir sem brotamenn nota við misnotkun á vörslureikningum lögmanna geta verið margskonar og geta m.a. falið í sér:

- beiðni um að millifæra fjármuni inn á vörslureikning lögmanna án þess að lögmansþjónusta sé veitt,
- að viðskiptum er komið á en horfið frá þeim.

Hættumerki varðandi viðskiptavini

- Viðskiptavinur forðast persónuleg samskipti án þess að til staðar séu réttmætar ástæður.
- Viðskipti eru óvenjuleg með tilliti til aldurs viðskiptavinar.
- Viðskiptavinur veitir ófullnægjandi eða rangar upplýsingar um viðskipti, tilgang þeirra eða uppruna fjármuna eða er tregur til að veita nauðsynlegar upplýsingar.
- Viðskiptavinur er þekktur brotamaður eða hefur stöðu sakbornings hjá lögreglu í málum sem geta verið frumbrot peningabættis, þ.e. þjónusta varðar ekki dómsmál eða athugun á lagalegri stöðu.
- Viðskiptavinur eða fjölskylda hans hefur tengsl við þekkta brotamenn.
- Umfang fjármuna/reiðufjár er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu viðskiptavinar, hvort sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða.
- Viðskiptavinur afhendir gölluð, röng eða fölsuð gögn.
- Viðskiptavinur notar milligönguaðila án eðlilegra skýringa.
- Viðskiptavinur er tengdur einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.
- Aðillinn sem stýrir viðskiptum er hvorki formlegur aðili viðskipta né formlegur fulltrúi.

Fasteignaviðskipti með aðstoð lögmanna

Fjárfesting í fasteignum er algeng aðferð til að þvætta ólögðan ávinning. Um leið og fasteign, sem keypt hefur verið fyrir ólögðan ávinning, er seld hefur ávinningurinn verið þvættaður. Þó svo að lög-

menn komi ekki að fjármálahlið fasteignaviðskipta kann að vera að þeir hafi upplýsingar um fjármögnun viðskiptanna sem kunna að vekja upp spurningar eða grunsemdir.

Aðkoma lögmanna að fasteignaviðskiptum kann að reyna á veikleika í störfum þeirra og mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um þær hættur sem kunna að tengjast slíkum viðskiptum.

Aðferðir sem brotamenn nota til að þvætta fé við fasteignakaup geta til dæmis verið:

- Tilfærsla fjármuna:
- Ítrekuð endursala eigna.
- Sala eigna til aðila sem hafa tengsl við skipulagða glæpastarfsemi.
- Fasteignir seldar á undir- eða yfirverði.
- Tilraunir til að dylja eignarhald:
- Viðskipti á fölsku nafni.
- Viðskipti í gegnum milligönguaðila.
- Viðskipti í gegnum flókið net fyrirtækja.

Stofnun eða stjórnun félaga og sjóða

Það er þekkt aðferð við peningabætti að stofna félög eða sjóði til að dylja uppruna fjár og eignarhald og að fela slóð ólögmarks ávinnings. Það er jafnframt þekkt að fela aðild að rekstri eða félagi með því að skrá aðsetur þess hjá lögmansstofu og fá aðra aðila til að vera í fyrirsvari þess, t.d. lögmenn.

Aðferðir sem brotamenn nota til að fela slóð ólögmarks ávinnings í gegnum félög eða sjóði eru m.a. að:

- Stofna lögaðila til að dylja eignarhald.
- Stofna flókið net félaga til að dylja slóð fjármuna (e. layering).
- Nota handhafabréf til að dylja eignarhald.
- Stofna fjárvörslusjóði til að dylja slóð fjármuna og eignarhald.
- Skrá aðsetur félags hjá lögmansstofu.
- Nýta sér þjónustu lögmanna til að sjá um framkvæmdastjórn eða stjórnarsetu í félögum til að ljá félagi lögmæta ásýnd eða til að fela eignarhald.

Umsjón með fjármunum viðskiptamanna

Það er þekkt aðferð við peningabætti að þjónusta lögmanna sé meðvitað/ómeðvitað misnotuð þegar þeim er falin umsjón með fjármunum umbjóðenda sinna. Aðferðir við slíkt eru m.a. eftirfarandi:

- Aðili nýtir sér þjónustu lögmanna til að opna bankareikninga.
- Aðili nýtir sér þjónustu lögmanna til að sjá um verðbréfiðskipti.
- Lögmaður stofnar bankareikninga fyrir hönd viðskiptavina sinna.
- Lögmaður útvegar viðskiptavini sérfræðinga fyrir aðra þætti viðskiptanna.
- Lögmaður hefur heildarumsjón með málefnum viðskiptavinar.

Hættumerki varðandi raunverulegan eiganda

- Reynt er að dylja raunverulegt eignarhald eða þátttakendur í viðskiptum.
- Raunverulegur eigandi er ekki lögráða,

- Óskað er eftir að stofnað sé til viðskipta, hvort sem er innanlands eða erlendis, þar sem nafn raunverulegs eiganda kemur hvergi fram.
- Flókið net fyrirtækja, hvort sem er innlendra eða erlendra, er notað í viðskiptum.
- Ófullnægjandi upplýsingar eru veittar um þá aðila sem koma að viðskiptum.

Hættumerki í viðskiptum

- Viðskiptamaður óskar eftir að koma á viðskiptum með óvenjulegum hraða.
- Viðskiptamaður óskar eftir því að lögmannsstofa sjái um að mynda tengsl við fjármálafyrirtæki fyrir hans hönd.
- Viðskiptamaður er reiðubúinn að greiða umbun án þess að lögmannspjónusta sé veitt.
- Fjármunir eru millifærðir til eða frá áhættusömum ríkjum eða ríkjum með háa bankaleynd eða lítið gagnsæi.
- Pagar um háar fjárhæðir í reiðufé er að ræða.
- Óskað er eftir óútskýrðum breytingum á viðskiptum með stuttum fyrirvara.
- Viðskipti eru óþarflega flókin.
- Fjármunir eru millifærðir til þriðja aðila í andstöðu við samninga eða án haldgóðra skýringa.
- Viðskipti virðast hvorki hafa lagalegan né fjárhagslegan tilgang.
- Andlag viðskipta er verðlagt óvenjulega hátt eða lágt.
- Viðskipti milli sömu aðila fara fram ítrekað á stuttum tíma.
- Einkautgjöld eru fjármögnuð af fyrirtæki.
- Viðskipti eru fjármögnuð með óhefðbundnum hætti.
- Háar millifærslur hjá nýstofnuðum fyrirtækjum.
- Einstaklingar eða lögaðilar sem virðast ekki tengjast viðskiptamanni eru þátttakendur í viðskiptum, t.d. varðandi fjármögnun.
- Viðskiptamaður óskar eftir því að fjárhæðum í viðskiptum sé skipt niður þannig að þær séu síður grunsamlegar.
- Óvirkt félag stundar óvenjulega umfangsmiklar fjárfestingar.
- Notast er við flókið net fyrirtækja í viðskiptum.
- Notkun á vörslureikningi án þess að lögmannspjónusta sé veitt.
- Viðskiptavinur hættir við viðskipti ef neitað er að greiðsla vegna þeirra fari til þriðja aðila.
- Viðskipti eru óvenjuleg, t.d. óvenjuflókin uppbygging og/eða fjármögnun.
- Notkun “U-beygju viðskipta” þar sem fjármunir eru sendir til lögmanna eða annarra lögaðila en síðan sendir aftur til upphaflegs aðila innan skamms tíma.

Nýjar áhættur (e. emerging risk)

Hér er vísað til nýrrar áhættu sem gæti komið fram og haft áhrif á hættuna á peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna. Um er að ræða nýjar mögulegar áhættur sem hafa ekki endilega komið fram áður á Íslandi, eru jafnvel lítt þekktar enn sem komið er, breytast hratt og hafa ekki haft mikið vægi fram að þessu. Mikilvægt er fyrir tilkynningarskylda aðila að vera vel vakandi fyrir nýjum og mögulegum áhættum því aðferðir við peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna þróast hratt í heimi örrar tækniþróunar. Eftirfarandi má nefna sem dæmi um nýjar áhættur:

- Rafmyntir/sýndareignir: Viðskiptavinur vill borga þóknun eða kaupverð í rafmynt.
- Rafrænar þjónustur: Tengsl við viðskiptavin eru aðeins í gegnum netið. Aukning í rafrænni þjónustu yfir landamæri.
- Ráðgjöf tengd þvingunaraðgerðum: Lögmenn notaðir sem aðilar í flóknum félagafléttum, breytingum á eignarhaldi og í tengslum við útflutnings- og þjónustusamninga í því skyni að komast hjá þvingunaraðgerðum.
- Nýjar fjármögnunarleiðir, t.d. með hópfiármögnun á netinu eða sjóðum sem fjármagna málarekstur (e. crowdfunding, litigation funding).
- Gervigreind og sjálfvirkni: Fyrirtæki og einstaklingar nota ný tól sem lögmenn og aðrir sérfræðingar þurfa að skilja til að meta áreiðanleika gagna. Aukning í stafrænni fölsun gagna er t.a.m. ný áhætta.
- Misnotkun á borgara- eða dvalarúrræðum: Aðstoð við umsókn um dvalarleyfi eða ríkisfang gegn sérstöku fjárframlagi, t.d. frá þriðja aðila,

Hættumerki varðandi fjármögnun hryðjuverka og gereyðingavopna

Hingað til hefur hættu á fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna verið fremur lág á Íslandi. Með aukinni alþjóðavæðingu og sífelldri tækniþróun er þó full þörf á að vera á varðbergi hvað þessa þætti varðar. Séu veikleikar til staðar hjá íslenskum lögmennsstofum, lögmönnum og öðrum sérfræðingum er ljóst að brotamenn munu leitast við að nýta sér slíka veikleika fyrr en varir. Eftirfarandi má nefna sem dæmi um hættumerki vegna fjármögnunar hryðjuverka og gereyðingavopna:

- Örar færslur lágra fjárhæða sem samræmast ekki eðlilegri starfsemi viðskiptavinar (e. smurfing).
- Örir fjármagnsflutningar án viðskiptalegs tilgangs.
- Framlög eða styrkir til áhættusamra ríkja án fullnægjandi fylgigagna.
- Greiðslur til og frá áhættusömum ríkjum eða löndum þar sem hryðjuverkastarfsemi er þekkt.
- Viðskiptavinur vill að lögmaður staðfesti lögmæti fjármagns án þess að leggja fram gögn máli til stuðnings.
- Viðskipti sem innihalda félög sem koma fram fyrir hönd eða í þágu aðila sem sæta þvingunaraðgerðum.

Varnir gegn misnotkun

- Aukin fræðsla starfsfólks um skyldur lögmanna á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.
- Aukin fræðsla um áhættuþætti í starfsemi lögmanna.
- Verklag, framkvæmd og innri endurskoðun sem tryggir áhættuflokkun viðskiptavina og fullnægjandi framkvæmd áreiðanleikakannana.
- Verklag og verkaskipting sem tryggir að tilkynnt sé um öll grunsamleg viðskipti.
- Aukin vitund um nýjar áhættur og ný hættumerki.

Hafðu samband við ríkisskattstjóra ef það eru einhverjar spurningar sem vakna um aðgerðir gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.



Sími: 442 1000 - Netfang: pt@skatturinn.is